

STAÐA STARFSFÓLKS Í LEIK- OG GRUNNSKÓLUM

2026

Niðurstöður spurningakönnunar meðal
félagsfólks í aðildarfélögum ASÍ og BSRB

Apríl 2026



Staða starfsfólks í leik- og grunnskólum. Niðurstöður spurningakönnunar meðal félagsfólks í aðildarfélögum ASÍ og BSRB

Útgefandi: Varða - Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins

Höfundur: Kristín Heba Gísladóttir

Úrvinnsla tölfraðilegra gagna: Sóllilja Bjarnadóttir

Guðrúnartún 1 105 Reykjavík

Sími: 535 5629

Netfang: rannvinn@rannvinn.is

Vefsíða Vörðu: rannvinn.is

ISBN númer: 978-9935-532-73-2

©Varða - Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, 2026

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	1
2	Aðferð.....	2
2.1	Fyrirlögn	2
2.2	Svarhlutfall.....	2
2.3	Meðhöndlun gagna.....	2
2.4	Mælingar.....	3
2.4.1	Andleg líðan.....	3
2.4.2	Skortur á efnislegum- og félagslegum gæðum	4
2.1	Bakgrunnsbreytur.....	5
2.2	Úrvinnsla gagna	5
3	Niðurstöður.....	6
4	Viðauki	14
4.1	Lýðfræði.....	14
4.2	Tekjur.....	15
4.3	Staða á húsnæðismarkaði.....	16
4.4	Staða á vinnumarkaði.....	16
4.5	Fjárhagsstaða.....	17
4.5.1	Auðvelt eða erfitt að ná endum saman.....	17
4.5.2	Geta mætt óvæntum 100 þúsund króna útgjöldum.....	17
4.5.3	Efnislegur skortur á heimili	18
4.5.4	Efnislegur skortur einstaklinga	19
4.5.5	Skortur á efnis- og félagslegum gæðum - samantekið.....	19
4.5.6	Skuldir.....	20
4.5.7	Eignir.....	20
4.5.8	Fjárskortur komið í veg fyrir að hægt sé að greiða þætti fyrir börn	21
4.5.9	Byrði kostnaðar.....	22
4.6	Heilsa	23
4.6.1	Líkamleg heilsa.....	23
4.6.2	Andleg heilsa	24
	Heimildarskrá.....	26

Myndayfirlit

Mynd 1. Hlutfall kvenna sem starfa í leik- og grunnskólum samanborið við aðrar starfsgreinar. .	6
Mynd 2. Heildartekjur í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld meðal þeirra sem starfa í leikskólum, grunnskólum og í öðrum störfum innan ASÍ og BSRB.	7
Mynd 3. Hlutfall þeirra sem starfa í leikskólum, grunnskólum og annarskonar störfum innan ASÍ og BSRB sem geta ekki mætt óvæntum 100 þúsund króna útgjöldum.	8
Mynd 4. Hlutfall þeirra sem búa við skort eða verulegan skort á félags- og efnislegum gæðum meðal þeirra sem starfa í leikskóla og grunnskóla samanborið við annað launafólk innan ASÍ og BSRB.	9
Mynd 5. Hlutfall starfsfólks í leik- og grunnskólum samanborið við annað launafólk sem á að lágmarki ein mánaðarlaun í sparnað.	10
Mynd 6. Hlutfall foreldra sem starfa í leik- og grunnskólum og annarskonar störfum sem getur vegna fjárskorts ekki greitt grunnþætti fyrir börnin sín.	11
Mynd 7. Hlutfall þeirra sem starfa í leikskólum, grunnskólum og annars launafólks sem er í eigin húsnæði.	12
Mynd 8. Hlutfall þeirra sem starfa í leikskólum, grunnskólum og meðal annars launafólks sem býr við slæma andlega líðan.	13

Töfluyfirlit

Tafla 1. Dreifing á starfaflokkun breytunni.	14
Tafla 2. Lýðfræðileg samsetning eftir starfaflokkun.....	14
Tafla 3. Heildartekjur í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir starfaflokkun.	15
Tafla 4. Heildartekjur heimilis í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir starfaflokkun.	15
Tafla 5. Staða á húsnæðismarkaði eftir starfaflokkun.....	16
Tafla 6. Staða á vinnumarkaði eftir starfaflokkun.....	16
Tafla 7. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir starfaflokkun.....	17
Tafla 8. Geta mætt óvæntum 100.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir starfaflokkun.	17
Tafla 9. Þættir efnislegs skorts á heimili eftir starfaflokkun.	18
Tafla 10. Þættir efnislegs skorts einstaklinga eftir starfaflokkun.....	19
Tafla 11. Skortur á efnis- og félagslegum gæðum samantekið eftir starfaflokkun.	19
Tafla 12. Yfirdráttur, smálán/skammtímalán, húsnæðislán, bílalan, rekstrarleiga bíls, námslán og lán hjá vini eða fjölskyldu meðal launafólks eftir starfaflokkun.	20
Tafla 13. Fasteign, bíll, sparnaður, viðbótarlífeyrissparnaður, sumarhús, fasteign erlendis, fasteign í útleigu og verðbréfa meðal launafólks eftir starfaflokkun.	20
Tafla 14. Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn eftir starfaflokkun.	21
Tafla 15. Auðvelt eða erfitt að standa straum af kostnaði vegna húsnæðis, samgangna, matarinnkaupa, fastra útgjalda, afþreyingar, fría eftir starfaflokkun.	22
Tafla 16. Hversu gott eða slæmt líkamlegt heilsufar eftir starfaflokkun.	23
Tafla 17. Tíðni neikvæðra andlegra einkenna eftir starfaflokkun.....	24
Tafla 18. Stig á heildarkvarða PHQ-9 eftir starfaflokkun.....	25

1 Inngangur

Varða-Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins hefur frá stofnun lagt árlega fyrir könnun meðal félagsfólks í aðildarfélögum ASÍ og BSRB en hluti af markmiðum stofnunarinnar er að rannsaka lífsskilyrði launafólks á Íslandi og gera grein fyrir stöðu þess. Markmið könnunarinnar var að varpa ljósi á fjárhagstöðu þeirra sem eru í heildarsamtökunum tveimur en einnig á stöðu þeirra á húsnæðismarkaði og andlega- og líkamlega heilsu. Niðurstöðurnar könnunarinnar árið 2025 eru aðgengilegar á heimasíðu Vörðu (Varða-Rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins, 2025). Könnunin var lögð fyrir í júní 2025 og er aðferð hennar lýst í öðrum kafla. Í niðurstöðukafla eru helstu mynstur þeirra greininga sem gerðar voru á gögnunum dregnar saman. Ítarlegri töflur og greiningar eru aðgengilegar í viðauka.

Í þessari skýrslu er fjallað um stöðu þeirra sem starfa í leik- og grunnskólum meðal þeirra sem heyra undir aðildarfélög ASÍ og BSRB og eru niðurstöðurnar settar fram í samanburði við annað launafólk innan heildarsamtakanna tveggja. Starfsfólk í leik- og grunnskólum vísar hér eingöngu til ófaglærðs starfsfólks og starfsfólks með annarskonar menntun en kennaramenntun. Kennarar í grunn- og leikskólum heyra undir Kennarasamband Íslands en ekki ASÍ eða BSRB. Markmiðið er að lýsa fjárhagstöðu starfsfólks í leik- og grunnskólum, stöðu þeirra á húsnæðismarkaði, sem og andlegri og líkamlegri heilsu þeirra.

2 Aðferð

Rannsóknin byggir á gögnum sem aflað var í spurningakönnun meðal félagsfólks í aðildarfélögum ASÍ og BSRB og var markmið könnunarinnar að rannsaka fjárhagsstöðu þess ásamt stöðu á húsnæðismarkaði sem og andlega- og líkamlega heilsu. Innan heildarsamtakanna tveggja eru 154.403 félagar í 61 aðildarfélagi (19 félög eru innan BSRB og 42 innan ASÍ).

2.1 Fyrirlögn

Könnunin var send út með milligöngu þjónustufyrirtækja stéttarfélaganna. Þjónustufyrirtækin sendu upplýsingar um könnunina og eina ítrekun til félagsfólks, sem hafði greitt að minnsta kosti eitt iðgjald síðastliðna sex mánuði, og var með skráð netfang og/eða símanúmer í félagatali aðildarfélaganna. Alls sáu þjónustufyrirtækin um útsendingu könnunarinnar til félagsfólks í 39 aðildarfélögum heildarsamtakanna tveggja. Fjögur aðildarfélög sendu sjálf upplýsingar um könnunina til félagsfólks síns með sömu skilyrðum. Könnunin var því lögð fyrir félagsfólk í 43 aðildarfélögum heildarsamtakanna. Innan þeirra 43 aðildarfélaga sem tóku þátt eru alls 143.724 félagar. Alls tóku 18 aðildarfélög ekki þátt í könnuninni og eru félagar þeirra alls 10.679. Könnunin og upplýsingar um hana voru á íslensku, ensku og pólsku. Könnunin var rafræn og opin frá 13. júní 2025 til 3. júlí 2025.

2.2 Svarhlutfall

Könnunin var ætluð félagsfólki í 43 aðildarfélögum ASÍ og BSRB sem hafði greitt að minnsta kosti eitt iðgjald síðastliðna sex mánuði og var með netfang eða símanúmer skráð í félagatali stéttarfélagsins, alls 141.165 félagar. Af þeim svöruðu 24.644 félagar. Svarhlutfall var 17,4%. Í þessari skýrslu er svör þeirra sem starfa í leik- og grunnskólum greind sérstaklega. Alls voru 908 sem starfa á leikskóla og 747 sem starfa í grunnskóla sem svöruðu könnuninni.

2.3 Meðhöndlun gagna

Áður en gagnagreining hófst voru gögnin skoðuð með tilliti til hversu vel þau endurspegluðu þýðið og hvort nauðsyn væri á að vigta gögnin eftir þekktum eiginleikum þess með tilliti til kyns og annarra þátta. Bakgrunnsbreytur voru auk þess skoðaðar út frá aldri, menntun og uppruna. Gögnin voru prófuð bæði vigtuð og óvigtuð, en þar sem niðurstöður voru sambærilegar eru birtar

niðurstöður byggðar á óvigtuðum gögnum. Frekari upplýsingar má finna í skýrslu Vörðu (Varða – Rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins, 2025).

2.4 Mælingar

Hér verður greint frá því hvernig hver og ein breyta var kóðuð sem og hvaða spurningar voru notaðar til að mæla hverja breytu. Spurningalistann er hægt að nálgast í viðauka í skýrslu Vörðu frá 2025 (Varða-Rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins, 2025).

2.4.1 Andleg líðan

Við mat á andlegri líðan var notast við Patient Health Questionnaire (PHQ-9) sem er einfaldur níu spurninga sjálfsmatskvarði sem hefur verið þýddur á íslensku og rannsakaður með tilliti til réttmætis og áreiðanleika. Kvarðinn metur einkenni þunglyndis og alvarleika þess (Andri Steinþór Björnsson o.fl., 2018). Spurt var hversu oft á síðustu tveimur vikum viðkomandi hefði fundið fyrir hverju einkenni fyrir sig á fjörgildum skala (0 = alls ekki, 1 = nokkra daga, 2 = meira en helmingstímans, 3 = nánast alla daga). Spurt var um eftirfarandi einkenni:

1. Lítil áhugi eða gleði við að gera hluti.
2. Verið niðurdregin/n/ð, dapur/döpur/dapurt eða vonlaus/t.
3. Átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina.
4. Þreyta og orkuleysi.
5. Lystarleysi eða ofát.
6. Liðið illa með sjálfa/n/t þig eða fundist að þér hafi mistekist eða ekki staðið þig í stykkinu gagnvart sjálfum/sjálfri/sjálfu þér eða fjölskyldu þinni.
7. Erfiðleika með einbeitingu, t.d. við að lesa blöðin eða horfa á sjónvarp.
8. Hreyft þig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því. Eða hið gagnstæða – verið svo eirðarlaus/t eða óróleg/ur/t að þú hreyfðir þig miklu meira en venjulega.
9. Hugsað um að það væri betra að þú værir dáin/n/ð eða hugsað um að skaða þig á einhvern hátt (Agnes Agnarsdóttir o.fl., e.d.).

Hver svarandi gat fengið 0-27 stig. Hér eru 10 eða fleiri stig metin sem slæm andleg heilsa (Kroenke & Spitzer, 2002). Þeir sem sleppa því að svara öllum spurningunum fá brottfallsgildi (e. *missing value*). Þeir sem merkja við a.m.k. eina spurningu en svara ekki öllum spurningunum fá gildið 0 við þær spurningar sem ekki var svarað. Heilsan er því ekki verri en gögnin segja til um.

2.4.2 Skortur á efnislegum- og félagslegum gæðum

Fjárhagsstaða var metin með nokkrum spurningum þar með talið spurningum sem saman mæla skort á efnislegum og félagslegum gæðum og Hagstofa Evrópusambandsins notar. Spurningin var nýlega uppfærð ásamt stöðlum á því hvað er skilgreint sem skortur og verulegur skortur (Living conditions in Europe – material deprivation and economic strain, 2024).

Skortur á efnislegum og félagslegum gæðum var mældur á sama hátt og Hagstofa Evrópusambandsins gerir, út frá 13 atriðum sem meta annarsvegar skort á heimili og hins vegar einstaklingsbundinn skort. Spurningarnar sem voru lagðar fram höfðu þrjá svarmöguleika: „Já“, „Nei“ og „Vil ekki svara“.

Heimilisskortur var mældur út frá eftirfarandi þáttum:

1. hvort hægt væri að mæta óvæntum útgjöldum.
2. hvort heimilið hefði efni á vikulöngu fríi fjarri heimili.
3. hvort hægt væri að greiða reikninga á eindaga (þ.m.t. húsnæðislán/leigu og aðra reikninga).
4. hvort efni væri á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð annan hvern dag.
5. hvort hægt væri að sinna nauðsynlegu viðhaldi heimilisins.
6. hvort aðgangur væri að bíl til einkanota.
7. hvort hægt væri að skipta út slitnum húsgögnum.

Einstaklingasskortur sneri að því hvort viðkomandi væri með:

1. nettengingu.
2. gæti skipt út slitnum fatnaði.
3. ætti tvö þör af skóm sem passa (þar á meðal vatnshelda skó).
4. eyddi smávegis pening í sjálfa/sig á hverri viku.
5. sinnti reglulega tómstundum eða áhugamálum.
6. hittu vini/fjölskyldu að minnsta kosti mánaðarlega.

Í úrvinnslu var gildinu 99 vísað frá sem brottfallsgildi ef engum lið var svarað. Til að búa til flokkabreytu fyrir mismunandi tegundir af skorti var síðan talið hversu oft fólk merkti við „nei“ og varð því talningin á bilinu 0–13, þar sem hærrí gildi gefa til kynna meiri skort. Með þessu er

tekinn saman skortur á heimili og einstaklingsskortur í samræmi við skilgreiningu Hagstofu Evrópusambandsins (Living conditions in Europe – material deprivation and economic strain, 2024).

Til að greina alvarleika skorts í skýrum flokkum var breytan endurkóðuð til að telja hversu marga þætti svarendur skorti. Flokkarnir urðu því sjö. Í fyrsta lagi voru talin þau sem merktu við fáa skortliði – eða þau sem merktu við engan, einn þátt, tvo þætti, þrjá þætti eða fjóra þætti. Samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Evrópusambandsins býr einstaklingur við skort sem hefur ekki fimm eða sex þeirra þátta sem spurt var um og var sá hópur því greindur sérstaklega. Þeir sem skortir sjö þætti búa við verulegan skort, samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Evrópusambandsins (Living conditions in Europe – material deprivation and economic strain, 2024).

2.1 Bakgrunnsbreytur

Þær bakgrunnsbreytur sem notaðar eru í skýrslunni er starfaflokkun. Í könnuninni voru svarendur beðnir um að greina frá við hvað þeir starfa og hér eru greindir sérstaklega þeir sem starfa í leikskóla og í grunnskóla og eru svör þeirra borin saman við annað launafólk.

2.2 Úrvinnsla gagna

Aðferðafræðin byggir á samanburði milli hópa en til að meta hvort marktækur munur sé á milli hópa er framkvæmt Persons kí-kvaðrat próf (χ^2). Prófið metur hvort tölfræðilega marktækur munur sé á milli hópa. Miðað var við 95% vikmörk. Í framsetningu niðurstaðna er vísað til hefðbundinna marktæknimarka ($p < 0,05$; $p < 0,01$ eða $p < 0,001$). Í þeim tilfellum þar sem samband reyndist ekki marktækt er tilgreint nákvæmt p -gildi. Þó kí-kvaðrat prófið sýni fram á hvort tengsl séu á milli breyta segir marktæktarprófið ekki til um orsakasamhengi. Í greiningunni er annarsvegar borin saman svör leikskólastarfsfólks og grunnskólastarfsfólks við annað starfsfólk.

3 Niðurstöður


Í niðurstöðum er fjallað um helstu mynstur sem fram komu í greiningu gagnanna sem safnað var. Ljósi er varpað á helstu atriði niðurstaðnanna og stöðu leikskólastarfsfólks og grunnskólastarfsfólks í samanburði við launafólk í öðrum starfsgreinum. Hér er til umfjöllunar það starfsfólk leik- og grunnskóla sem er í aðildarfélögum ASÍ og BSRB og eiga niðurstöðurnar því ekki við um kennara en þeir eru í Kennarasambandi Íslands. Staða þeirra sem starfa í leik- og grunnskólum er borin saman við annað launafólk í aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Í umfjölluninni um niðurstöðurnar er vísað í töflur í viðauka en þar má finna ítarlegri upplýsingar.

Mikill meirihluti þeirra sem starfa í leik- og grunnskólum eru konur

Innan leik- og grunnskóla starfa í mun meira mæli konur en karlar (94% og 81%).

Meira en helmingur þeirra sem starfa í leikskólum eru 40 ára eða yngri (56%) en hlutfallið er lægra meðal þeirra sem starfa í grunnskólum (35%) og að sama skapi er hærra hlutfall í grunnskólum en leikskólum sem eru 51 árs eða eldri (42% á móti 23%). Hærra hlutfall sér í lagi þeirra sem starfa í leikskólum eru einhleypir foreldrar (13%) en sama á við um 9% þeirra sem starfa í grunnskólum en 7% annars launafólks. Um fjórðungur þeirra

sem starfa í leik- og grunnskólum og eru í aðildarfélögum ASÍ og BSRB eru með grunnskólamenntun (27% og 24%), um 15% eru með starfstengda menntun á framhaldsskólastigi og þriðjungur leikskólastarfsfólks og fjórðungur grunnskólastarfsfólks með framhaldsskólapróf eða sveinspróf (31% og 25%). Auk þess er fimmtungur leikskólastarfsfólksins og fjórðungur grunnskólastarfsfólksins með grunn- eða framhaldsmenntun á háskólastigi (20% og 27%). Mikill meirihluti þeirra sem starfa í leik- og grunnskólum eru innfæddir (68% og 72%) en um fjórðungur eru innflytjendur (26% og 22%) (tafla 2).




Mynd 1. Hlutfall kvenna sem starfa í leik- og grunnskólum samanborið við aðrar starfsgreinar.

Nokkur munur er á starfshlutfalli og hlutfalli þeirra sem eru í fleiru en einu starfi meðal leik- og grunnskólastarfsfólks. Sjö af hverjum tíu þeirra sem starfa í leikskólum eru í fullu starfi (70%) en sama á við um ríflega helming þeirra sem starfa í grunnskólum (52%). Hins vegar er hærra hlutfall þeirra sem starfa í grunnskólum sem eru í 75-99% (27% á móti 18%) og 50-74% starfshlutfalli (17% á móti 9%). Mun hærra hlutfall þeirra sem starfa í grunnskólum eru i hlutastarfi bæði samanborið við þau sem starfa í leikskóla og annað launafólk en mun hærra hlutfall þeirra er í fleiru en einu starfi. 34% grunnskólastarfsfólks er í fleiri en einu starfi en sama á við um fimmtung þeirra sem starfa í leikskóla (20%) og ögn lægra hlutfall almennt meðal launafólks (19%) (tafla 6).

Níu af hverjum tíu sem starfa í leikskóla eru með 749 þúsund eða lægri atvinnutekjur

Umtalsverður munur er atvinnutekjum þeirra sem starfa sér í lagi í leikskólum og annars launafólks innan ASÍ og BSRB. Níu af hverjum tíu þeirra sem starfa í leikskóla eru með mánaðarlegar atvinnutekjur sem eru 749 þúsund krónur eða lægri (92%) en sama á við um átta af hverjum tíu sem starfa í grunnskólum (80%) en helming annars launafólks (52%) (tafla 3).




Mynd 2. Heildartekjur í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld meðal þeirra sem starfa í leikskólum, grunnskólum og í öðrum störfum innan ASÍ og BSRB.

Helmingur þeirra sem starfa í leikskólum geta ekki mætt óvæntum 100 þúsund króna útgjöldum

Munur er á fjárhagsstöðu bæði þeirra sem starfa í leikskólum og grunnskólum samanborið við launafólk í annarskonar störfum þegar litið er til hlutfalls þeirra sem eiga erfitt með að ná endum saman. Fjórir af hverjum tíu sem starfa í leikskólum ná ekki endum saman (40%) og sama á við um þriðjung þeirra sem starfa í grunnskólum (33%) en hlutfallið er lægra hjá öðru launafólki (30%) (tafla 7).

Tæplega helmingur þeirra sem starfa í leikskólum gætu auk þess ekki mætt óvæntum 100 þúsund króna útgjöldum (49%) en hlutfallið er nokkuð lægra meðal þeirra sem starfa í grunnskólum (37%) og umtalsvert lægra meðal annars launafólks (30%) (tafla 8).




Mynd 3. Hlutfall þeirra sem starfa í leikskólum, grunnskólum og annarskonar störfum innan ASÍ og BSRB sem geta ekki mætt óvæntum 100 þúsund króna útgjöldum.

Þriðjungur þeirra sem starfa í leikskólum búa við skort eða verulegan skort á félags og efnislegum gæðum

Í könnuninni var spurt um þrettán þætti sem Hagstofa Evrópusambandsins notar til að mæla efnahagslega og félagslega stöðu fólks (sjá kafla 2.3. þar sem fjallað er ítarlega um mælitækið). Í þáttunum þrettán er spurt um efnislega þætti er varða rekstur heimilis eins og að geta greitt reikninga á eindaga, hafa efni á staðgóðri máltíð annan hvern dag, geta skipt út slitnum húsgögnum o.s.frv. Mælingin nær einnig yfir einstaklingsbundna þætti eins og hvort fólk eigi að minnsta kosti tvö skópör sem passa, hitti vini eða fjölskyldu í drykk eða mat mánaðarlega o.fl. Samkvæmt skilgreiningunni býr fólk sem skortir fimm þessara þrettán þátta við skort á efnislegum og félagslegum gæðum og ef fólk skortir sex eða fleiri þætti býr það við verulegan skort. Niðurstöðurnar sýna að umtalsveður hluti launafólks býr við skort eða verulegan skort á efnislegum og félagslegum gæðum en hlutfallið er hærra meðal þeirra sem starfa sér í lagi í leikskólum. 34% þeirra sem starfa í leikskólum falla þannig undir skilgreininguna að skorta félags- og efnisleg gæði og sama á við um fjórðung þeirra sem starfa í grunnskólum (25%) en sama á við um ríflega fimmtung annars launafólks innan heildarsamtakanna tveggja (22%) (tafla 11).

Hærra hlutfall leik- og grunnskólastarfsfólks skortir flesta þá þætti sem saman mæla félags- og efnislegan skort en til að mynda er tæplega fjórir af hverjum tíu þeirra sem starfa í leikskólum sem hafa ekki efni á vikulangri ferð fjarri heimili árlega (37%) og sama á við um ríflega fjórðung grunnskólastarfsfólks (28%) en hlutfallið er lægra hjá öðru launafólki (25%) (tafla 9). Auk þess er 15% leikskólastarfsfólks sem getur ekki skipt út slitnum fatnaði og ögn lægra hlutfall á ekki tvö pör af skóm sem passa og annað parið er vatnshelt (12%) (tafla 10).



Mynd 4. Hlutfall þeirra sem búa við skort eða verulegan skort á félags- og efnislegum gæðum meðal þeirra sem starfa í leikskóla og grunnskóla samanborið við annað launafólk innan ASÍ og BSRB.

Hærra hlutfall þeirra sem starfa í grunn- og leikskólum eru með yfirdrátt og skammtímalán

Spurt var um skuldastöðu launafólks í könnuninni og sýna niðurstöðurnar að hærra hlutfall þeirra sem starfa í leik- og grunnskólum eru með yfirdrátt (31% og 31% á móti 28%) auk þess sem hærra hlutfall er einnig með smálán eða skammtímalán en það á við um 17% leikskólastarfsfólks og 13% grunnskólastarfsfólks (á móti 11%). Auk þess er hærra hlutfall leikskólastarfsfólks með lán hjá vini eða fjölskyldumeðlim (14% á móti 11% hjá öðru launafólki (tafla 5). Starfsfólks sér í lagi í leikskólum býr við verri skuldastöðu og samskonar mynstur sést þegar litið er til eigna. Þannig eru 76% leikskólastarfsfólks sem eiga bíl en sama á við 82% þeirra sem starfa í grunnskólum (81% almennt meðal launafólk). Einnig er lægra hlutfall sem á að lágmarki ein mánaðarlaun í sparnað eða tæplega fjórir af hverjum tíu þeirra sem starfa í leikskólum (39%) og 46% meðal þeirra sem starfa í grunnskólum (46%) (tafla 13).

Starfsfólk í leikskólum

39%

Starfsfólk í grunnskólum

46%


Aðrir

54%

Mynd 5. Hlutfall starfsfólks í leik- og grunnskólum samanborið við annað launafólk sem á að lágmarki ein mánaðarlaun í sparnað.

Starfsfólk í grunn- og leikskólum skortir í meira mæli grunnþætti fyrir börnin sín

Í könnuninni voru foreldrar spurðir hvort fjárskortur hefði komið í veg fyrir að þeir gætu greitt kostnað vegna fimm grunnþátta fyrir börnin sín. Hærra hlutfall foreldra sem starfa í leik- og grunnskólum skortir alla þá fimm þætti sem spurt er um samanborið við launafólk í öðrum störfum. Þannig er um þriðjungur foreldra sem starfa í leikskóla og ögn lægra hlutfall foreldra sem starfa í grunnskóla sem geta ekki gefið börnunum sínum eins næringarríkan mat og þeir vilja (32% og 30% á móti 18%) og nánast sama hlutfall getur ekki staðið undir kostnaði við að halda veislur eða afmæli fyrir börn sín (31% og 28% á móti 21%) eða gefið þeim afmælis- og/eða jólagjafir (29% og 27% á móti 21%). Fjórðungur foreldra sem starfa í leik- og grunnskólum geta ekki greitt kostnað vegna félagslífs barna sinna (25% og 26% á móti 19%) eða nauðsynlegan klæðnað fyrir börnin (24% og 24% á móti 17%) (tafla 14).



Mynd 6. Hlutfall foreldra sem starfa í leik- og grunnskólum og annarskonar störfum sem getur vegna fjárskorts ekki greitt grunnþætti fyrir börnin sín.

Starfsfólk í leikskólum á síður eigið húsnæði

Lægra hlutfall leikskólastarfsfólk (57%) en þeirra sem starfa í grunnskólum (73%) og annars launafólks (64%) býr í eigin húsnæði. Að sama skapi er hærra hlutfall leikskólastarfsfólks á almennum leigumarkaði (18% á móti 10% meðal grunnskólastarfsfólks), í leiguhúsnæði á vegum óhagnaðardrifinna leigusamtaka (6% á móti 3%) og hjá foreldrum eða ættingjum (13% á móti 8%) (tafla 5).

Leikskólastarfsfólk



Grunnskólastarfsfólk



Aðrir



Mynd 7. Hlutfall þeirra sem starfa í leikskólum, grunnskólum og annars launafólks sem er í eigin húsnæði.

Andleg heilsa þeirra sem starfa á leikskóla mælist verri en annarra hópa

Andleg líðan launafólks er metin í könnuninni með mælitæki sem samanstendur af níu spurningum sem falið er að meta tíðni neikvæðra andlegra einkenna síðustu tvær vikur (sjá kafla 2.3. þar sem fjallað er ítarlega um mælitækið). Umtalverður munur er á andlegri líðan eftir hópum þar sem lang hæst hlutfall þeirra sem starfa í leikskólum búa við slæma andlega heilsu eða tæplega fjórir af hverjum tíu (38%) en sama á við um ríflega fjórðung almennt meðal launafólks (29%) en ríflega fimmtung þeirra sem starfa í grunnskólum (23%) (tafla 18).

Hærra hlutfall þeirra sem starfa í leikskólum finna nánast alla daga fyrir átta af níu neikvæðu andlegu einkennum sem spurt er um í könnuninni. Sérstaklega hátt hlutfall finnur nánast alla daga fyrir þreytu og orkuleysi eða 28% (á móti 20% almennt meðal launafólks) og tæplega fimmtungur á í erfiðleikum með svefn nánast daglega (18%). Auk þess er ríflega einn af hverjum tíu þeirra sem starfa á leikskólum sem finna nánast daglega fyrir áhugaleysi (12%), lystarleysi eða ofáti (11%), líður illa með sjálfan sig (14%) og einbeitingaskorti (13%) (tafla 17).



Mynd 8. Hlutfall þeirra sem starfa í leikskólum, grunnskólum og meðal annars launafólks sem býr við slæma andlega líðan.

4 Viðauki

4.1 Lýðfræði

Tafla 1. Dreifing á starfaflokkun breytunni.

	N	Hlutfall
Leikskólastarfsfólk	908	3,94%
Grunnskólastarfsfólk	747	3,24%
Aðrir	21.405	92,82%

Tafla 2. Lýðfræðileg samsetning eftir starfaflokkun.

	Leikskóla- starfsfólk	Grunnskóla- starfsfólk	Aðrir	Samtals
$\chi^2(2, N=22.933) = 841,89, p < 0.001$				
<i>Kyn</i>				
Konur og kvár	93,56%	81,10%	51,50%	54,12%
Karlar	6,44%	18,90%	48,50%	45,88%
$\chi^2(8, N=22.984) = 121,72, p < 0.001$				
<i>Aldur</i>				
30 ára og yngri	31,31%	13,58%	20,87%	21,04%
31 – 40 ára	24,23%	21,10%	23,41%	23,36%
41 – 50 ára	21,46%	23,66%	20,08%	20,25%
51 – 60 ára	13,72%	23,39%	19,57%	19,46%
61 árs og eldri	9,29%	18,28%	16,08%	15,88%
$\chi^2(6, N=14.821) = 65,32, p < 0.001$				
<i>Fjölskyldustaða</i>				
Einhleyp/ur/t með barn	12,76%	9,15%	6,98%	7,29%
Einhleyp/ur/t	21,97%	16,63%	25,48%	25,05%
Í sambúð/hjónabandi eða sambúð með barn	35,70%	32,85%	30,18%	30,50%
Í sambúð/hjónabandi eða sambúð	29,56%	41,37%	37,36%	37,16%
$\chi^2(12, N=22.542) = 220,94, p < 0.001$				
<i>Menntun</i>				
Grunnskólanám eða sambærilegt	26,84%	23,86%	14,12%	14,93%
Starfstengt nám á framhaldsskólastigi	15,06%	15,45%	14,24%	14,31%
Framhaldsskólapróf eða sveinspróf	31,14%	25,38%	30,40%	30,26%
Iðnmeistarapróf	1,25%	3,72%	6,46%	6,17%
Diplómapróf	5,66%	4,14%	7,64%	7,45%
Grunnnám á háskólastigi (BA, BSc, BEd)	14,95%	17,10%	17,78%	17,65%
Framhaldsnám á háskólastigi (MA, MSc, PhD)	5,10%	10,34%	9,36%	9,23%
$\chi^2(4, N=22.777) = 10,65, p < 0.05$				
<i>Uppruni</i>				
Innfæddir	67,63%	72,01%	70,14%	70,11%
Innflytjandi	25,56%	22,42%	25,02%	24,96%
Með erlendan bakgrunn	6,81%	5,57%	4,83%	4,93%

4.2 Tekjur

Tafla 3. Heildartekjur í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir starf flokkun.

	Leikskóla- starfsfólk	Grunnskóla- starfsfólk	Aðrir	Samtals
499 þúsund eða lægri	40,86%	44,03%	22,57%	23,96%
500-749 þúsund	50,81%	36,13%	29,68%	30,72%
750-999 þúsund	6,05%	11,60%	24,93%	23,77%
1.000-1.249 þúsund	1,21%	4,54%	13,01%	12,28%
1.250-1.499 þúsund	0,54%	1,85%	5,58%	5,27%
1.500-1.749 þúsund	0,13%	1,18%	2,15%	2,04%
1.750-1.999 þúsund	0,13%	0,50%	0,98%	0,93%
2 milljónir eða hærrí	0,27%	0,17%	1,10%	1,04%

$\chi^2(14, N = 18.932) = 649,15, p < 0.001$

Tafla 4. Heildartekjur heimilis í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir starf flokkun.

	Leikskóla- starfsfólk	Grunnskóla- starfsfólk	Aðrir	Samtals
499 þúsund eða lægri	17,43%	17,74%	12,29%	12,65%
500-749 þúsund	28,51%	19,53%	16,70%	17,24%
750-999 þúsund	19,20%	18,82%	16,48%	16,66%
1.000-1.249 þúsund	15,81%	16,31%	14,18%	14,31%
1.250-1.499 þúsund	8,27%	9,86%	11,36%	11,19%
1.500-1.749 þúsund	4,87%	8,96%	10,39%	10,14%
1.750-1.999 þúsund	2,81%	5,38%	7,94%	7,66%
2 milljónir eða hærrí	3,10%	3,41%	10,67%	10,15%

$\chi^2(14, N = 17.701) = 202,65, p < 0.001$

4.3 Staða á húsnæðismarkaði

Tafla 5. Staða á húsnæðismarkaði eftir starfaflokkun.

	Leikskóla- starfsfólk	Grunnskóla- starfsfólk	Aðrir	Samtals
Eigin húsnæði	56,74%	73,21%	63,71%	63,74%
Leiguhúsnæði á almennum markaði	18,01%	9,81%	18,27%	17,99%
Búsetuíbúð hjá húsnæðissamvinnufélagi	1,42%	1,56%	1,70%	1,68%
Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum	6,35%	3,43%	2,85%	3,01%
Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekenda	0,39%	1,25%	2,60%	2,47%
Hjá foreldrum/ættingjum	13,08%	7,63%	7,49%	7,72%
Annað	4,02%	3,12%	3,38%	3,40%

$\chi^2(12, N = 19.830) = 120,25, p < 0.001$

4.4 Staða á vinnumarkaði

Tafla 6. Staða á vinnumarkaði eftir starfaflokkun.

	Leikskóla- starfsfólk	Grunnskóla- starfsfólk	Aðrir	Samtals
<i>Starfshlutfall</i>	$\chi^2(6, N = 21.770) = 324,98, p < 0.001$			
1%–49%	2,83%	3,88%	4,23%	4,16%
50%–74%	9,28%	16,76%	7,17%	7,57%
75%–99%	18,21%	27,29%	11,44%	12,24%
100%	69,68%	52,08%	77,17%	76,04%
<i>Ert þú í fleiri en einu starfi</i>	$\chi^2(2, N = 22.717) = 92,58, p < 0.001$			
Já	19,71%	33,74%	19,37%	19,85%
Nei	80,29%	66,26%	80,63%	80,15%

4.5 Fjárhagsstaða

4.5.1 Auðvelt eða erfitt að ná endum saman

Tafla 7. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir starfaflokkun.

	Leikskóla- starfsfólk	Grunnskóla- starfsfólk	Aðrir	Samtals
Mjög auðvelt	11,75%	12,22%	15,42%	15,18%
Auðvelt	14,29%	17,46%	18,49%	18,30%
Nokkuð auðvelt	33,78%	37,62%	36,33%	36,27%
Nokkuð erfitt	24,70%	20,95%	19,67%	19,91%
Erfitt	8,95%	6,98%	6,27%	6,39%
Mjög erfitt	6,54%	4,76%	3,82%	3,95%

$\chi^2(10, N = 19.677) = 51,41, p < 0.001$

4.5.2 Geta mætt óvæntum 100 þúsund króna útgjöldum

Tafla 8. Geta mætt óvæntum 100.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir starfaflokkun.

	Leikskóla- starfsfólk	Grunnskóla- starfsfólk	Aðrir	Samtals
Já	41,07%	54,85%	62,10%	61,06%
Nei	48,63%	37,04%	30,12%	31,06%
Veit ekki	10,30%	8,11%	7,78%	7,89%

$\chi^2(4, N = 19.854) = 152,13, p < 0.001$

4.5.3 Efnislegur skortur á heimili

Athugið að fyrri taflan í þessum undirkafla eru um efnislegan skort á heimili á meðan seinni snýr að efnislegum skorti einstaklinga (sjá í kafla 2.3. Mælingar).

Tafla 9. Þættir efnislegs skorts á heimili eftir starf flokkun.

	Leikskóla- starfsfólk	Grunnskóla- starfsfólk	Aðrir	Samtals
<i>Geta mætt óvæntum útgjöldum</i>			$\chi^2(2, N = 18.850) = 79,51, p < 0.001$	
Já	59,25%	68,51%	73,86%	73,15%
Nei	40,75%	31,49%	26,14%	26,85%
<i>Hef/Höfum efni á árlegri vikufærið fjarri heimili</i>			$\chi^2(2, N = 19.175) = 71,49, p < 0.001$	
Já	62,62%	71,74%	75,99%	75,35%
Nei	37,38%	28,26%	24,01%	24,65%
<i>Geta greitt alla reikninga á eindaga</i>			$\chi^2(2, N = 19.210) = 4,77, p = 0.092$	
Já	89,27%	92,69%	90,43%	90,46%
Nei	10,73%	7,31%	9,57%	9,54%
<i>Hef efni á kjöti og fisk annan hvern dag</i>			$\chi^2(2, N = 19.341) = 12,93, p < 0.01$	
Já	82,34%	87,13%	86,95%	86,78%
Nei	17,66%	12,87%	13,05%	13,22%
<i>Geta sinnt nauðsynlegu viðhaldi heimilis</i>			$\chi^2(2, N = 18.861) = 36,85, p < 0.001$	
Já	72,91%	76,79%	81,26%	80,80%
Nei	27,09%	23,21%	18,74%	19,20%
<i>Höfum aðgang að bíl til afnota</i>			$\chi^2(2, N = 19.635) = 0,31, p = 0.858$	
Já	90,78%	91,47%	90,83%	90,85%
Nei	9,22%	8,53%	9,17%	9,15%
<i>Getum skipt út slitnum húsgögnum</i>			$\chi^2(2, N = 18.774) = 45,10, p < 0.001$	
Já	56,70%	67,91%	68,72%	68,25%
Nei	43,30%	32,09%	31,28%	31,75%

4.5.4 Efnislegur skortur einstaklinga

Tafla 10. Þættir efnislegs skorts einstaklinga eftir starfaflokkun.

	Leikskóla- starfsfólk	Grunnskóla- starfsfólk	Aðrir	Samtals
<i>Er með nettengingu</i>			$\chi^2(2, N = 19.935) = 1,14, p = 0.565$	
Já	98,06%	98,60%	98,00%	98,02%
Nei	1,94%	1,40%	2,00%	1,98%
<i>Get skipt út slitnum fatnaði</i>			$\chi^2(2, N = 19.447) = 17,55, p < 0.001$	
Já	85,10%	88,12%	89,72%	89,49%
Nei	14,90%	11,88%	10,28%	10,51%
<i>Á tvö þör af skóm sem passa</i>			$\chi^2(2, N = 19.718) = 12,75, p < 0.01$	
Já	88,13%	89,14%	91,36%	91,17%
Nei	11,87%	10,86%	8,64%	8,83%
<i>Ver smávegis pening í sjálfan vikulega</i>			$\chi^2(2, N = 19.413) = 122,40, p < 0.001$	
Já	49,46%	56,63%	66,99%	65,99%
Nei	50,54%	43,37%	33,01%	34,01%
<i>Sinni tómstundum eða áhugamálum</i>			$\chi^2(2, N = 19.369) = 63,15, p < 0.001$	
Já	51,76%	60,78%	65,47%	64,80%
Nei	48,24%	39,22%	34,53%	35,20%
<i>Hitti vini/ffjölskyldu í drykk eða mat mánaðarlega</i>			$\chi^2(2, N = 19.418) = 41,36, p < 0.001$	
Já	55,45%	60,45%	65,92%	65,35%
Nei	44,55%	39,55%	34,08%	34,65%

4.5.5 Skortur á efnis- og félagslegum gæðum - samantekið

Tafla 11. Skortur á efnis- og félagslegum gæðum samantekið eftir starfaflokkun.

	Leikskóla- starfsfólk	Grunnskóla- starfsfólk	Aðrir	Samtals
Enginn skortur	23,72%	30,80%	36,65%	35,96%
1 þáttur	13,21%	15,33%	14,17%	14,17%
2 þættir	11,54%	10,22%	11,20%	11,18%
3 þættir	10,38%	10,06%	8,57%	8,68%
4 þættir	7,05%	8,36%	6,95%	7,00%
Skortur	15,90%	11,15%	11,29%	11,46%
Verulegur skortur	18,21%	14,09%	11,16%	11,53%

$\chi^2(12, N = 20.093) = 97,51, p < 0.001$

4.5.6 Skuldir

Tafla 12. Yfirdráttur, smálán/skammtímalán, húsnæðislán, bilalán, rekstrarleiga bíls, námslán og lán hjá vini eða fjölskyldu meðal launafólks eftir starfaflokkun.

	Leikskóla- starfsfólk	Grunnskóla- starfsfólk	Aðrir	Samtals
			$\chi^2(2, N = 19.636) = 6,48, p < 0.05$	
Með yfirdrátt	30,74%	31,25%	27,79%	28,01%
			$\chi^2(2, N = 19.636) = 29,69, p < 0.001$	
Með smálán/skammtímalán	17,15%	12,50%	10,90%	11,19%
			$\chi^2(2, N = 19.636) = 13,35, p < 0.01$	
Með húsnæðislán	51,32%	61,06%	55,06%	55,10%
			$\chi^2(2, N = 19.636) = 5,94, p = 0.051$	
Með bilalán	26,12%	28,37%	24,44%	24,63%
			$\chi^2(2, N = 19.636) = 0,45, p = 0.797$	
Með bíl í rekstrarleigu	2,11%	1,76%	1,78%	1,79%
			$\chi^2(2, N = 19.636) = 13,82, p < 0.01$	
Með námslán	8,58%	10,42%	12,70%	12,47%
			$\chi^2(2, N = 19.636) = 7,93, p < 0.05$	
Með lán hjá vini eða fjölskyldu	14,12%	10,26%	10,93%	11,03%
			$\chi^2(2, N = 19.636) = 12,03, p < 0.01$	
Ekkert að ofantöldu	23,22%	19,07%	24,93%	24,67%

4.5.7 Eignir

Tafla 13. Fasteign, bíll, sparnaður, viðbótarlífeyrissparnaður, sumarhús, fasteign erlendis, fasteign í útleigu og verðbréfa meðal launafólks eftir starfaflokkun.

	Leikskóla- starfsfólk	Grunnskóla- starfsfólk	Aðrir	Samtals
			$\chi^2(2, N = 19.807) = 27,97, p < 0.001$	
Eiga fasteign sem búð er í	56,04%	69,72%	62,90%	62,85%
			$\chi^2(2, N = 19.807) = 11,32, p < 0.01$	
Eiga bíl	75,98%	81,86%	80,76%	80,61%
			$\chi^2(2, N = 19.807) = 74,69, p < 0.001$	
Eiga a.m.k ein mánaðarlaun í sparnað	39,24%	45,90%	53,73%	52,93%
			$\chi^2(2, N = 19.807) = 45,16, p < 0.001$	
Eiga viðbótarlífeyrissparnað	51,97%	62,93%	63,92%	63,43%
			$\chi^2(2, N = 19.807) = 11,38, p < 0.01$	
Eiga sumarhús	3,67%	6,62%	6,78%	6,66%
			$\chi^2(2, N = 19.807) = 1,25, p = 0.534$	
Eiga fasteign erlendis	2,89%	2,84%	3,43%	3,39%
			$\chi^2(2, N = 19.807) = 11,26, p < 0.01$	
Eiga fasteign sem er leigð út	3,15%	3,63%	5,44%	5,29%
			$\chi^2(2, N = 19.807) = 95,77, p < 0.001$	
Eiga verðbréf	6,56%	8,04%	17,32%	16,61%
			$\chi^2(2, N = 19.807) = 9,84, p < 0.01$	
Eiga ekkert af ofantöldu	7,48%	3,79%	5,34%	5,37%

4.5.8 Fjárskortur komið í veg fyrir að hægt sé að greiða þætti fyrir börn

Tafla 14. Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn eftir starfaflokkun.

	Leikskóla- starfsfólk	Grunnskóla- starfsfólk	Aðrir	Samtals
				$\chi^2(2, N = 4.930) = 11,77, p < 0.01$
<i>Kostnað vegna félagslifs (s.s. afmælisgjafir fyrir vini, bíóferðir eða önnur afþreying með vinum)</i>	24,64%	26,40%	18,74%	19,35%
				$\chi^2(2, N = 5.061) = 23,10 p < 0.001$
<i>Kostnað við að halda afmæli/veislur (s.s. færingu, útskrift)</i>	31,31%	28,09%	20,72%	21,60%
				$\chi^2(2, N = 5.549) = 15,17, p < 0.01$
<i>Afmælis- og/eða jólagjafir</i>	29,28%	27,27%	21,13%	21,81%
				$\chi^2(2, N = 5.575) = 16,07, p < 0.001$
<i>Nauðsynlegan fatnað</i>	24,45%	23,94%	17,13%	17,78%
				$\chi^2(2, N = 5.520) = 54,14, p < 0.001$
<i>Eins næringarríkan mat og þú telur barnið þurfa</i>	32,31%	29,95%	18,03%	19,28%

4.5.9 Byrði kostnaðar

Tafla 15. Auðvelt eða erfitt að standa straum af kostnaði vegna húsnæðis, samgangna, matarinnkaupa, fastra útgjalda, afþreyingar, fría eftir starfaflokkun.

	Leikskóla- starfsfólk	Grunnskóla- starfsfólk	Aðrir	Samtals
<i>Rekstur húsnæðis</i> $\chi^2(8, N = 18.559) = 68,08, p < 0.001$				
Mjög erfitt	8,16%	6,72%	6,56%	6,63%
Frekar erfitt	25,66%	22,02%	19,81%	20,09%
Hvorki erfitt né auðvelt	37,90%	38,15%	32,22%	32,62%
Frekar auðvelt	18,37%	20,50%	23,80%	23,49%
Mjög auðvelt	9,91%	12,61%	17,61%	17,17%
<i>Samgöngur</i> $\chi^2(8, N = 18.843) = 62,98, p < 0.001$				
Mjög erfitt	4,85%	5,63%	4,34%	4,40%
Frekar erfitt	21,61%	19,37%	16,46%	16,75%
Hvorki erfitt né auðvelt	35,32%	36,26%	31,13%	31,45%
Frekar auðvelt	24,79%	23,68%	25,87%	25,76%
Mjög auðvelt	13,43%	15,07%	22,20%	21,64%
<i>Matarinnkaup</i> $\chi^2(8, N = 19.065) = 84,46, p < 0.001$				
Mjög erfitt	5,12%	4,87%	4,17%	4,23%
Frekar erfitt	23,05%	19,16%	15,19%	15,62%
Hvorki erfitt né auðvelt	34,77%	32,63%	30,66%	30,88%
Frekar auðvelt	23,32%	27,92%	27,03%	26,91%
Mjög auðvelt	13,75%	15,42%	22,95%	22,35%
<i>Föst útgjöld</i> $\chi^2(8, N = 18.988) = 100,63, p < 0.001$				
Mjög erfitt	2,24%	2,30%	2,71%	2,68%
Frekar erfitt	18,09%	17,90%	11,49%	11,94%
Hvorki erfitt né auðvelt	37,31%	35,30%	31,38%	31,73%
Frekar auðvelt	27,21%	27,26%	28,86%	28,74%
Mjög auðvelt	15,15%	17,24%	25,57%	24,91%
<i>Afþreyingu</i> $\chi^2(8, N = 18.556) = 85,16, p < 0.001$				
Mjög erfitt	14,59%	12,80%	9,61%	9,90%
Frekar erfitt	24,61%	19,90%	16,88%	17,26%
Hvorki erfitt né auðvelt	27,61%	28,89%	27,10%	27,18%
Frekar auðvelt	19,31%	23,18%	24,99%	24,72%
Mjög auðvelt	13,88%	15,22%	21,42%	20,94%
<i>Frí</i> $\chi^2(8, N = 19.443) = 75,18, p < 0.001$				
Mjög erfitt	18,40%	15,72%	14,46%	14,65%
Frekar erfitt	31,20%	24,96%	22,30%	22,73%
Hvorki erfitt né auðvelt	24,93%	27,23%	25,61%	25,64%
Frekar auðvelt	17,33%	21,56%	22,59%	22,36%
Mjög auðvelt	8,13%	10,53%	15,03%	14,62%
<i>Kostnaður vegna barna</i> $\chi^2(8, N = 10.239) = 61,83, p < 0.001$				
Mjög erfitt	9,31%	8,43%	8,76%	8,77%
Frekar erfitt	27,94%	25,60%	18,61%	19,25%
Hvorki erfitt né auðvelt	33,04%	35,54%	30,76%	31,02%
Frekar auðvelt	19,96%	19,28%	23,18%	22,91%
Mjög auðvelt	9,76%	11,14%	18,69%	18,05%

<i>Heilbrigðisþjónusta</i>	$\chi^2(8, N = 18.728) = 57,27, p < 0.001$			
Mjög erfitt	10,34%	10,07%	8,74%	8,84%
Frekar erfitt	24,69%	18,48%	17,58%	17,88%
Hvorki erfitt né auðvelt	30,48%	32,67%	28,72%	28,92%
Frekar auðvelt	20,41%	23,93%	23,81%	23,68%
Mjög auðvelt	14,07%	14,85%	21,15%	20,67%

4.6 Heilsa

4.6.1 Líkamleg heilsa

Tafla 16. *Hversu gott eða slæmt líkamlegt heilsufar eftir starfaflokkun.*

	Leikskóla- starfsfólk	Grunnskóla- starfsfólk	Aðrir	Samtals
Mjög gott	12,55%	14,33%	13,97%	13,93%
Frekar gott	36,38%	40,10%	40,04%	39,90%
Hvorki né	31,10%	29,69%	29,66%	29,71%
Frekar slæmt	16,55%	12,97%	13,94%	14,01%
Mjög slæmt	3,42%	2,90%	2,39%	2,44%

$\chi^2(8, N = 18.201) = 10,99, p = 0.202$

4.6.2 Andleg heilsa

Tafla 17. Tíðni neikvæðra andlegra einkenna eftir starf flokkun.

	Leikskóla- starfsfólk	Grunnskóla- starfsfólk	Aðrir	Samtals
<i>Áhugaleysi</i>			$\chi^2(6, N = 18.129) = 30,23, p < 0.001$	
Alls ekki	34,62%	43,03%	38,59%	38,58%
Nokkra daga	40,06%	43,55%	40,30%	40,39%
Meira en helmingss tímans	13,45%	7,57%	11,86%	11,78%
Nánast alla daga	11,87%	5,85%	9,25%	9,24%
<i>Niðurdregin/n/ð eða dapur/döpur/dapurt</i>			$\chi^2(6, N = 18.129) = 26,79, p < 0.001$	
Alls ekki	35,34%	45,09%	42,03%	41,87%
Nokkra daga	45,06%	43,72%	40,98%	41,22%
Meira en helmingss tímans	11,30%	6,37%	10,02%	9,96%
Nánast alla daga	8,30%	4,82%	6,97%	6,96%
<i>Erfiðleikar með svefn</i>			$\chi^2(6, N = 18.129) = 17,49, p < 0.01$	
Alls ekki	30,76%	36,32%	33,41%	33,40%
Nokkra daga	34,76%	38,90%	38,25%	38,13%
Meira en helmingss tímans	16,45%	11,02%	12,91%	12,98%
Nánast alla daga	18,03%	13,77%	15,44%	15,48%
<i>Þreyta og orkuleysi</i>			$\chi^2(6, N = 18.129) = 50,19, p < 0.001$	
Alls ekki	12,02%	19,97%	17,51%	17,38%
Nokkra daga	40,20%	44,92%	46,38%	46,10%
Meira en helmingss tímans	19,46%	17,56%	16,21%	16,38%
Nánast alla daga	28,33%	17,56%	19,90%	20,15%
<i>Lystarleysi eða ofát</i>			$\chi^2(6, N = 18.129) = 21,14, p < 0.01$	
Alls ekki	45,64%	56,63%	50,98%	50,96%
Nokkra daga	28,61%	25,65%	28,64%	28,54%
Meira en helmingss tímans	14,31%	9,47%	11,13%	11,20%
Nánast alla daga	11,44%	8,26%	9,25%	9,31%
<i>Liðið illa með sjálfa/n/t þig</i>			$\chi^2(6, N = 18.129) = 28,95, p < 0.001$	
Alls ekki	39,34%	51,29%	46,26%	46,16%
Nokkra daga	33,05%	30,29%	32,90%	32,83%
Meira en helmingss tímans	14,02%	10,15%	10,53%	10,65%
Nánast alla daga	13,59%	8,26%	10,30%	10,36%
<i>Einbeitingaskortur</i>			$\chi^2(6, N = 18.129) = 29,19, p < 0.001$	
Alls ekki	44,06%	53,70%	50,93%	50,75%
Nokkra daga	29,33%	29,26%	29,11%	29,12%
Meira en helmingss tímans	13,59%	10,50%	10,01%	10,17%
Nánast alla daga	13,02%	6,54%	9,95%	9,96%
<i>Breytingar á fási</i>			$\chi^2(6, N = 18.129) = 16,64, p < 0.05$	
Alls ekki	68,24%	75,39%	73,84%	73,67%
Nokkra daga	19,46%	17,04%	17,17%	17,25%
Meira en helmingss tímans	8,30%	4,99%	5,53%	5,62%
Nánast alla daga	4,01%	2,58%	3,47%	3,46%
<i>Sjálfsvígshugsanir</i>			$\chi^2(6, N = 18.129) = 15,04, p < 0.05$	
Alls ekki	85,41%	89,16%	86,33%	86,39%
Nokkra daga	9,87%	8,78%	9,21%	9,22%
Meira en helmingss tímans	3,43%	1,03%	2,27%	2,27%
Nánast alla daga	1,29%	1,03%	2,19%	2,12%

Tafla 18. Stig á heildarkvarða PHQ-9 eftir starfaflokkun.

	Leikskóla- starfsfólk	Grunnskóla- starfsfólk	Aðrir	Samtals
Góð til miðlungs góð andleg heilsa, 0-9 stig	62,09%	76,59%	71,12%	70,95%
Slæm andleg heilsa, 10-27 stig	37,91%	23,41%	28,88%	29,05%

$\chi^2(2, N = 18.129) = 35,84, p < 0.001$

Heimildarskrá

- Agnes Agnarsdóttir, Hafrún Kristjánsdóttir, Jakob Smári, Jón Friðrik Sigurðson, & Pétur Tyrfingsson. (e.d.). *PHQ-9 í íslenskri þýðingu*.
- Andri Steinþór Björnsson, Karen Jónsdóttir, Signý Sigurðardóttir, Inga Wessman, Ólafía Sigurjónsdóttir, Auður Sjöfn Þórisdóttir, Jóhann Pálmar Harðarsons, & Guðmundur Arnkelsson. (2018). Próffræðilegir eiginleikar Sheehan Disability Scale, Quality of Life Scale og Patient Health Questionnaire í íslenskri þýðingu. *Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, 23, 91-100.
- Living conditions in Europe - material deprivation and economic strain. (2024). Eurostat. https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=Living_conditions_in_Europe_-_material_deprivation_and_economic_strain
- Kroenke, K., & Spitzer, R. L. (2002). The PHQ-9: A new depression diagnostic and severity measure. *Psychiatric Annals*, 32(9), 509-515.
- Varða-Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins. (2025). *Staða Launafólks á Íslandi 2025*. https://www.rannvinn.is/_files/ugd/61b738_8c3cc1cfeeb34a9ca4a07fecce8c6d75.pdf